

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál) *Heimæðargjald*

Allt að 300 m³ 106.493 kr.

300 - 2.000 m³ 106.493 kr. fyrir 300 m³ og 98 kr./m³ þar yfir

2.000 - 6.000 m³ 272.848 kr. fyrir 2.000 m³ og 78 kr./m³ þar yfir

6.000 - 10.000 m³ 583.690 kr. fyrir 6.000 m³ og 63 kr./m³ þar yfir

Meira en 10.000 m³ 836.968 kr. fyrir 10.000 m³ og 55 kr./m³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10.884 umfram einn á sama inntaki.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. maí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 290 11. maí 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. apríl 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landspítalasjóð Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður með almennum samskotum um land allt er konur gengust fyrir til minningar um stjórnsmálaréttindi íslenskra kvenna, fengin 19. júní 1915. Kvenfélög þau í Reykjavík er í fyrstu gengust fyrir fjársöfnun til sjóðsins voru Hið íslenska kvenfélag, Hvíta bandið, Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins, Kvenréttindafélag Íslands í Reykjavík, Lestrarfélag kvenna í Reykjavík, Thorvaldsensfélagið, Ungmennafélagið Iðunn og Verkakvennafélagið Framsókn.

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 24. nóvember 1916æ og er nafn sjóðsins: Landspítalasjóður Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var 23.729,09 kr.

Í árslok 1997 er peningaeign hans 746.106 kr. og hlutafjáreign í Eimskipafélagi Íslands hf. að nafnvirði 25.618 kr.

3. gr.

Hinn 1. janúar 1998 voru fjórir sjóðir sameinaðir Landspítalasjóði Íslands. Sjóðirnir fjórir eiga það sameiginlegt að hafa verið stofnaðir í þeim tilgangi að styrkja sjúklinga og bæta aðbúnað þeirra á Landspítalanum. Peningaæign sjóðanna í árslok 1997 var kr. 98.030, sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

Um er að ræða eftirtalda sjóði:

	<i>Peningaæign 31. des. 1997</i>
Dánargjöf Peter D. Petersen (skipulagsskrá aldrei staðfest)	35.202
Bókasjóður Víðihlíðar (nr. 189/1944)	10.566
Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur (f. 27. júlí 1892, d. 2. febrúar 1942) og Hjalta Jóhannssonar (f. 11. mars 1875, d. 13. júní 1944), og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur (f. 6. júní 1865, d. 10. des. 1925) (nr. 116/1945)	2.308
Minningarsjóður Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarsdóttur (nr. 179/1951)	<u>9.954</u>
Samtals	98.030

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins, sem skal vera 500.000 kr., má aldrei skerða.

Peningaæign sjóðsins samkvæmt 2. og 3. gr., hlutabréfaæign samkvæmt 2. gr., tekjum hans, sbr. 5. gr., ásamt vöxtum af höfuðstól, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal varið í samræmi við tilgang hans, sbr. 6. gr.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að selja hlutabréf hans í hf. Eimskipafélagi Íslands og fjárfest andvirði þeirra í ríkistryggðum verðbréfum. Hlutabréfin má þó aldrei selja undir skráðu gengi þeirra á Verðbréfaþingi. Sama gildir ef hf. Eimskipafélag Íslands verður lagt niður.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafafé, minningargjafir og áheiti til Landspítalans eða einstakra deilda hans, ágóði af fjáröflun fyrir spítalann eða einstakar deildir hans og önnur fjárframlög sem sjóðnum kunna að berast, ásamt vöxtum af þessum fjármunum.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja rannsóknir og efla vísindastarfsemi á Landspítala.
2. Að bæta aðstöðu sjúklinga á Landspítala, m.a. með því að leggja fram fé til kaupa á lækningatækjum fyrir spítalann.
3. Að styrkja hvers konar aðra starfsemi á Landspítalanum, sjúklingum og starfsmönnum til hagsbóta.

Sjóðnum er þó ekki heimilt að leggja fram fé eða lána spítalanum fjármuni til að standa straum af venjulegum rekstrarútgjöldum.

7. gr.

Við bókhald sjóðsins skal halda sérstaka skrá yfir gjafir og önnur fjárframlög til hans sem eru bundin því skilyrði að þau nýtist tiltekinni deild Landspítalans. Við ákvörðun styrkja til einstakra deilda skal hafa hliðsjón af þessari skrá sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimild að skipa sérstakar úthlutunarnefndir vegna gjafa og fjárframlaga sem bundin eru því skilyrði að þau nýtist tilteknum deildum Landspítalans og setja þeim starfsreglur.

8. gr.

Stjórnarnefnd Ríkisspítala skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn og skal einn þeirra tilnefndur af stjórn lækna ráðs Landspítalans, einn af hjúkrunarstjórn Landspítalans og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans, sbr. 6. gr., sbr. þó ákvæði 7. gr. Stjórnunarkostnað má greiða af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Fjárvörslu sjóðsins annast fjármálaskrifstofa Ríkisspítala og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Fjármálaskrifstofan semur árlega fyrir stjórn sjóðsins reikning yfir tekjur og gjöld hans, svo og efnahagsreikning og skal hann liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl vegna undangengins árs.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarskrifstofu Ríkisspítala.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Landspítalasjóður Íslands lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landspítalasjóð Íslands sem staðfest var 24. nóvember 1916 (B-deild Stjórnartíðinda nr. 130/1916).

Ennfremur falla úr gildi skipulagsskrár sjóða þeirra sem sameinaðir hafa verið sjóði þessum, sbr. 3. gr., en þeir eru Bókasjóður Víðihlíðar nr. 189 29. desember 1944, Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur (f. 27. júlí 1892, d. 2. febrúar 1942) og Hjalta Jóhannssonar (f. 11. mars 1875, d. 13. júní 1944), og fyrri konu hans, Gróu Þorkelsdóttur (f. 6. júní 1865, d. 10. desember 1925) nr. 116 22. júní 1945 og Minningarsjóður Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinunnar Stefaníu Einarsdóttur nr. 179 10. október 1951.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. apríl 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.